

*Tollflokkun

Úrskurður nr. 9/2004.

Kærð er endurákvörðun tollstjóra á fjórum sendingum er innihéldu rafgeyma og fylgihluti. Tollstjóri breytti afstöðu sinni til flokkunar vörunnar á meðan á kærufjerli stóð og fellst á varakröfu kæranda. Ríkistollanefnd staðfesti hina breyttu flokkun vörunnar.

Lög nr. 55/1987 tollalög 100. gr., 101. gr. og 142. gr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993, 1. gr., 13. gr., 20. gr., 22. gr. og 31. gr. Reglugerð 85/2000 um SMT tollafgreiðslu.

Með bréfi, dags. 30. júní 2004, sem barst nefndinni þann 3. ágúst s.á., kærir L. f.h. B., úrskurð tollstjóra frá 2. júní s.l. Kæran var fyrir misskilning send fjármálaráðuneytinu og var móttækin þar 2. ágúst 2004. Í hinum kærða úrskurði endurákvörðar tollstjóri gjöld af fjórum sendingum er innihéldu rafgeyma og fylgihluti. Varan var flutt inn í sendingum S ARN 16 10 1 DE CUX A004, S ARN 27 11 1 DE CUX W007, S HEG 07 11 1 DE CUX A003 og S ARN 04 09 1 DE CUX W005. Kærandi krefst þess aðallega að endurákvörðunin verði felld úr gildi og varan tollflokkuð í 8507.2009 (rafhlaða) og 8483.3000 (fóðringar). Til vara er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ofangreindar vörusendingar verði tollflokkaðar í tnr. 8507.2001 (rafhlaða) og tnr. 8483.3000 (fóðringar). Til brautavara er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ofangreindar vörusendingar verði tollflokkaðar í tnr. 8507.3001 (rafhlaða) og tnr. 8483.3000 (fóðringar).

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfum embættisins þann 26. apríl s.l. og 13. mars 2003 hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir því að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga

S ARN 16 10 1 DE CUX A004

S ARN 27 11 1 DE CUX W007

S HEG 07 11 1 DE CUX A003

S ARN 04 09 1 DE CUX W005

Í sendingu S ARN 16 10 1 DE CUX A004 voru rafgeymar tollflokkaðir í tnr. 8507.3001 sem rafhlaða og fóðringar í tnr. 8483.3000. Að mati embættisins ber að tollflokka vöruna í tollskmr. 8507.8091 sem rafgeyma með vökva skv. túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá. Tollskrárnúmerin 8507.3001 og 8483.3000 bera virðisaukaskatt 24,5% og spilliefnagjald á rafhlöður 13 kr./stk. en tnr. 8507.8091 ber auk virðisaukaskatts, A-toll 10% og vörugjald 15%. Að mati embættisins eru aðflutningsgjöld því vangreidd vegna sendinganna.

Sú athugasemd var gerð við sendingu S ARN 27 11 1 DE CUX W007 að rafgeymar voru tollflokkaðir í tollskrárnúmeri 8507.3001 sem rafhlaða og fóðringar í tnr. 8483.3000. Að mati embættisins ber að tollflokka vöruna í tnr. 8507.8091 sem rafgeyma með vökva skv. túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá. Tollskrárnúmerin 8507.3001 og 8483.3000 bera virðisaukaskatt 24,5% og spilliefnagjald á rafhlöður 13 kr./stk. en tollskrárn. 8507.8091 ber auk virðisaukaskatts, A-toll 10% og vörugjald 15%. EUR yfirlýsingu vantar á reikning, dags. 14. nóvember 2001 nr. 90042923. Að mati embættisins eru aðflutningsgjöld því vangreidd vegna sendingarinnar.

Sú athugasemd var gerð vegna sendingar S HEG 07 11 1 DE CUX A003 að rafgeymar voru tollflokkaðir sem rafhlaða í tollnr. 8507.3001, en eiga að vera í tollnr. 8507.8091 skv. túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá. Tengill er tollflokkaður í tollnr. 3926.9015, en á að vera í tollnr. 8544.5109 skv. túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá.

Tollskrárnúmerið 8507.3001 ber virðisaukaskatt 24,5% og spilliefnagjald á rafhlöður 13 kr./stk, en tollskmr. 8507.8091 ber auk virðisaukaskatts A-toll 10% og vörugjald 15%. Tollskrárnúmerið 3926.9015 ber virðisaukaskatt 24,5%, en tollnr. 8544.5109 ber auk virðisaukaskatts, eftirlitsgjald 0.15% og vörugjald 15%. Að mati embættisins eru aðflutningsgjöld vegna sendingarinnar því vangreidd.

Sú athugasemd var gerð við sendingu S ARN 04 09 1 DE CUX W005 að rafgeymar væru ranglega tollflokkaðir sem rafhlaða í tollnr. 8507.3001, en eigi að vera í tollnr. 8507.8091 skv. túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá. Tollskrárnúmerið 8507.3001 ber virðisaukaskatt 24,5% og spilliefnagjald á rafhlöður 13 kr./stk., en tollskmr. 8507.8091 ber auk virðisaukaskatts, A-toll 10% og vörugjald 15%. Að mati embættisins eru aðflutningsgjöld vegna sendingarinnar því vangreidd. Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að endurákvörðun aðflutningsgjalda sé byggð á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvörða

innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga segir að tollstjóra sé heimilt að endurákvarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. Umræddar sendingar voru afgreiddar með SMT-tollafgreiðslu. Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum fer eftir ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga.

Þá er beðið velvirðingar á þeim drætti sem varð í meðförum embættisins á málinu en þess er getið að fullt tillit hafi verið tekið til þess við útreikning dráttarvaxta. Hafa þeir verið reiknaðir frá tollafgreiðsludegi hvernar sendingar til 13. mars 2003 þegar fyrri bréf embættisins voru send. Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. S ARN 16 10 1 DE CUX A004 er sem hér segir:

Almennur tollur	kr. 119.916
Vörugjald 15%	kr. 197.862
Spilliefnagjald	kr. -728
Virðisaukaskattur	kr. 77.678
Dráttarvextir til 13. mars.	kr. 100.991

Samtals kr. 495.719

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. S ARN 27 11 1 DE CUX W007 er sem hér segir:

Almennur tollur	kr. 72.147
Vörugjald 15%	kr. 357.280
Spilliefnagjald	kr. - 1.404
Virðisaukaskattur	kr. 104.866
Dráttarvextir til 13. mars.	kr. 122.935

Samtals kr. 655.824

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. S HEG 07 11 1 DE CUX A003 er sem hér segir:

Almennur tollur.	kr. 115.849
Vörugjald 15%	kr. 194.846
Spilliefnagjald	kr. - 1.560
Raffangaeftirlitsgjald	kr. 37
Virðisaukaskattur	kr. 75.747
Dráttarvextir til 13. mars.	kr. 93.399

Samtals kr. 478.318

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. S ARN 04 09 1 DE CUX W005 er sem hér segir:

Almennur tollur	kr. 73.029
Vörugjald 15%	kr. 120.497
Spilliefnagjald	kr. - 520
Virðisaukaskattur	kr. 47.287
Dráttarvextir til 13. mars.	kr. 68.311

Samtals kr. 308.604

Þá segir að ofangreind aðflutningsgjöld, kr. 1.552.829 séu fallin í eindaga og ber að greiða þau ásamt dráttarvöxtum, kr. 385.636, samtals kr. 1.938.465, innan 15 daga frá póstlagningardegi þessa bréfs, eða eigi síðar en 17. júní n.k.

Kærandi segir að vörur þær sem mál þetta varði séu annars vegar stöðurafgeymar, fylltir með geli, sem notaðir séu sem varaafli, og hins vegar fóðringar með rafgeymunum, en kærandi hefur flutt framangreindar vörur til landsins um nokkurra ára skeið. Upphaf þessara viðskipta

höfst þannig að samið var við hinn erlenda seljanda rafgeymanna um kaupverð. Því næst gerðist það að haft var samband við tollstjóra varðandi það hvaða tollflokk styðjast ætti við þegar rafgeymarnir væru fluttir til landsins. Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi var sú að hinn erlendi seljandi, BAE Berliner Batterie GmbH, notaðist við tollflokk sem ekki var til staðar í íslenski tollskrá. Nánar tiltekið notaðist hann við tollflokk 8507.2039, sbr. fskj. nr. 1.

Þegar upplýsingarnar um tollflokkun höfðu borist frá tollstjóra var samið við hinn innlenda kaupanda um söluverð og vörurnar fluttar inn. Þannig var samkvæmt ráðleggingum starfsmanna tollstjóra fyrst stuðst við tollskrárnúmer 8507.3001 (janúar 2000-apríl 2002), en samkvæmt ráðleggingum starfsmanna tollstjóra var því breytt og tollskrárnúmerið 8507.2009 notað (janúar 2003-mars 2003). Síðast hefur verið stuðst við tollskrárnúmer 8507.2001.

Þá segir í kærinni að með bréfi, dags. 13. mars 2003, hafi kæranda verið tilkynnt um að tollstjóri hygðist úrskurða um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Af þessu tilefni sendi sölustjóri vélasviðs kæranda bréf til tollstjóra til að skýra út sjónarmið kæranda.

Með bréfi, dags. 26. apríl 2004, var kæranda tilkynnt að fyrirhuguð væri uppkvaðning úrskurðar vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda. Voru starfsmenn kæranda í sambandi við starfsmenn tollstjóra vegna málsins og reyndu að koma sjónarmiðum kæranda á framfæri. Það var svo þann 2. júní s.l. að kveðinn var upp úrskurður þar sem aðflutningsgjöld vegna þeirra vörusendinga, sem mál þetta varðar, voru endurákvörðuð. Var kæranda gert að nota tollskrárnúmerið 8507.8091.

Þá segir í kærinni að af fenginni niðurstöðu tollstjóra hafi kæranda verið ljóst að forsendur fyrir innflutningi hans á þessari vöru voru með öllu brostnar. Fyrri tollflokkun hafði það í för með sér að kæranda var gert að greiða 24,5% virðisaukaskatt af hinum innfluttu vörum, auk spilliefnagjalds að fjárhæð 13 kr./stk. Úrskurður tollstjóra leiddi til þess að kæranda bar auk framangreinds að greiða A-toll 10%, vörugjald 15% og mun hærra spilliefnagjald.

Kærandi telur ákvörðun tollstjóra vera ranga og að hún samræmist ekki ákvæðum tollalaga nr. 55/1987 og einstökum meginreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Af þeim sökum beri að fella hana úr gildi og taka kröfu kæranda til greina.

Þá segir að í 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 segir að lögin gildi þegar stjórnvöld taki ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Tollstjóri sé handhafi opinbers valds og varðandi ákvörðun hans skyldu kæranda til greiðslu þeirra aðflutningsgjalda sem mál þetta varðar. Af þessu leiðir að ákvörðun hans var stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og var kærði af þeim sökum bundinn bæði af stjórnsýslulögum við úrlausn málsins svo og ólögfestum meginreglum stjórnsýsluréttarins.

Kærandi telur að ákvörðun tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda sé efnislega röng þar sem hún byggir á röngum upplýsingum. Í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar sé gert ráð fyrir því að í hinum innfluttu rafgeymum sé vökvi og af þeim sökum beri að flokka rafgeyma undir tollskrárnúmerið 8507.8091: Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum - með vökva.

Að mati kæranda ber að flokka hina innfluttu rafgeyma í tollskrárnúmer 8507.2009: Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig réttthyrndar (þar með taldar ferningslaga) – án síru. Hér sé um að ræða tollflokkun sem tollstarfsmenn lögðu til og notuð var á tímabilinu janúar 2003-mars 2003. Ástæðan fyrir þessari flokkun er að mati kæranda sú að hún sé í bestu samræmi við þá vöru sem um ræðir. Varan sem um ræðir séu stöðurafgeymar sem innihaldi sérstakt sýrulaust gel sem gerir þeim kleift að geyma spennu um langan tíma. Hér er því um að ræða réttthyrnda rafgeyma sem innihalda ekki síru, eins og tollskrárnúmer 8507.2009 gerir ráð fyrir. Hefur starfsmönnum tollstjóra verið gerð grein fyrir þessari vörulýsingu á rafgeymunum.

Í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar sé gert ráð fyrir því að rafgeymarnir innihaldi einungis vökva sem geri rafgeymunum kleift að geyma spennu. Hér beri að gera skýran greinarmun á því að vökvi, sem tollskrárnúmer 8507.8091 gerir ráð fyrir, fellur ekki eins vel að vörulýsingu þeirra rafgeyma sem hér um ræðir. Það geri hins vegar tollskrárnúmerið 8507.2009, enda er hér um að ræða rafgeyma fyllta með sýrulausu geli. Samkvæmt framansögðu eru rangar upplýsingar lagðar til grundvallar við tollflokkun þeirra rafgeyma sem kærandi flytur inn. Með vísan til þess sé hinn kærði úrskurður efnislega rangur og ber af þeim sökum að fallast á kröfur kæranda.

Að mati kæranda er rökstuðningi tollstjóra ábótavant að teknu tilliti til þess að í ákvörðun hans felst brotthvarf frá fyrri afstöðu hans. Eins og fram hefur komið hefur kærandi stuðst við ráðleggingar og upplýsingar frá starfsmönnum tollstjóra um nokkurra ára skeið. Hefur hann í samningum sínum við hinn erlenda seljanda rafgeymanna og kaupanda þeirra á Íslandi gengið út frá ákvæðum forsendum. Þannig grundvallast innflutningur hans á fram komnum

upplýsingum hverju sinni – m.ö.o. með upplýsingagjöf tollstjóra gefur kærandi sér ákveðnar forsendur sem lagðar eru til grundvallar við kaup og endursölu rafgeymanna.

Að teknu tilliti til framangreinds hvílir sú skylda á tollstjóra að mati kæranda að greina frá þeim sjónarmiðum sem hann taldi leiða til þess að hann endurákvæðaði í málinu, sbr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í kæru þessari sé gert ráð fyrir því að rökstuðningur tollstjóra hafi verið tæmandi, enda var innflytjanda ekki leiðbeint um að hann ætti rétt á því að fá ákvörðun tollstjóra rökstudda, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þannig var ekki gerð grein fyrir því í úrskurði tollstjóra hvaða eiginleikar rafgeymanna, sem áður höfðu leitt til þess að kæranda var ráðlagt að styðjast við tollskrárnúmer 8507.3001 og 8507.2009, leiddu nú til þess að styðjast ætti við tollskrárnúmer 8507.8091 og 3926-9015. Í raun felur hinn kærði úrskurður ekkert annað í sér en endurtekningu á bréfi embættisins, dags. 13. mars 2003, en þar var kæranda tilkynnt um að fyrirhugað væri að endurákvæða aðflutningsgjöld hans. Telja verður að skylda hafi hvílt á tollstjóra til að gera sérstaklega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem leiddu til endurákvörðunar hans, þar sem um var að ræða breytingu á fyrri afstöðu embættisins, sem leiddi til þess að íþyngjandi ákvörðun (endurákvörðun) var tekin um aðflutningsgjöld kæranda.

Auk framangreinds gerir kærandi athugasemd við það að í niðurlagi hins kærða úrskurðar er ekki dregið saman í sérstakt úrskurðarorð eins og skýrlega sé kveðið á um í 5. tölul. 1. mgr. 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þá segir að í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar komi fram að EUR yfirlýsingu vanti á reikning, dags. 14. nóvember 2001, nr. 90042923. Kærandi mótmælir þessu sem röngu. Á öllum reikningum frá hinum erlenda seljanda sé tekið með skýrum hætti fram að allar vörur séu framleiddar innan Evrópusambandsins. Nánar tiltekið segir eftirfarandi á reikningunum:

„The Exporter of the Products covered by this document (2982439)
declares that, except where otherwise clearly indicated these products
are of European Community preferential origin.”

Með vísan til framangreinds er því alfarið hafnað að EUR yfirlýsing hafi ekki verið til staðar á reikningum sem kærandi móttók frá hinum erlenda seljanda. Auk ofangreindrar yfirlýsingar vísast til upplýsinga sem starfsmenn kæranda hafa veitt tollstjóra og verður að telja að hann hafi átt að leggja þær til grundvallar í stað þess að halda því fram að EUR yfirlýsing hafi ekki verið til staðar. Með vísan til þessa er því mótmælt að tollstjóri skuli telja að „skortur” á ofangreindri yfirlýsingu eigi að leiða til þess að kærandi þurfi að greiða hærra aðflutningsgjöld. Þá beri að hafna því sérstaklega að tilvísun tollstjóra til túlkunarreglna 1 og 6 hafi þýðingu í málinu. Í því sambandi vísast til þess að hið æðra stjórnvald, ríkistollanefnd, hefur í málum, sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni, komist að öndverðri niðurstöðu heldur en tollstjóri með vísan til sömu túlkunarreglna. Tilvísun til þeirra hafi því ekki neina sjálfstæða þýðingu við úrlausn tollstjóra. Að mati kæranda leiða efnisreglur túlkunarreglanna allt eins til þess að fallast beri á sjónarmið hans í málinu.

Verði ekki fallist á framangreint gerir kærandi þá þrautavarakröfu að ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og að upphafleg tollflokun kæranda, sem var tilkynnt kæranda, verði látin standa. Að mati kæranda vissi hann ekki eða mátti vita um rétta flokkun rafgeymanna í skilningi 2. tölul. 2. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 fyrir þann tíma sem athugasemdir tollstjóra bárust honum. Hér verður að taka tillit til þeirra ráðlegginga og upplýsinga sem kærandi fékk frá tollstjóra en hann hefur ávallt leitast við að haga innflutningi sínum í samvinnu við hann og treyst þeirri ráðgjöf sem honum hefur verið veitt af einstökum starfsmönnum hans. Með vísan til þess ber að fella niður endurákvörðun tollstjóra og láta hina upphaflegu tollflokun standa sem byggðist á upplýsingum frá honum, þ.e. að byggt verði á tollflokki 8507.3001 (rafhlaða) og 8483.3000 (fóðringar).

Í þessu sambandi vill kærandi taka fram, að ef endurákvörðun tollstjóra verði lögð til grundvallar sé ljóst að forsendur kæranda fyrir innflutningi rafgeymanna og fóðringanna séu brostnar og mun endurákvörðunin leiða til þess að kærandi mun tapa miklum fjárhæðum. Með ákvörðun sinni er tollstjóri að taka afturvirka stjórnvaldsákvörðun og víkja frá fyrri framkvæmd sinni sem kærandi hefur að öllu leyti grundvallað viðskipti sín á.

Að mati kæranda er kjarni máls þessa sá, að tollstjóri hefur með ákvörðun sinni brotið gegn formreglum stjórnsýsluréttar, nánar tiltekið gegn rannsóknarreglunni, megin-reglunni um skýrleika stjórnvaldsákvæðana, þ.m.t. hvað koma skuli fram í úrskurði, svo og einstökum ákvæðum tollalaga nr. 55/1987. Af þeim sökum ber að fallast á kröfur kæranda.

Kærandi ítrekar kröfur sínar og áskilur sér rétt til að koma að frekari málsástæðum, lagarökum og gögnum á síðari stigum ef tilefni gefst til eða eftir því er leitað.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kærán til umsagnar með bréfi þann 5. ágúst 2004. Í svari sem barst þann 1. september s.á. segir m.a. að embættið hafi látið kanna sérstaklega hvort framangreint bréf sem kærandi (sölustjóri vélasviðs innflytjanda) vísar til, dags. 27. mars 2003, hafi borist því. Ekki sé unnt að sjá af gögnum embættisins að umrætt bréf hafi borist því. Bréf sem berast embættinu eru skráð í sérstakt tölvukerfi og samkvæmt upplýsingum úr því hefur framangreint bréf ekki borist. Því voru andmæli sem fram koma í bréfinu ekki kunn embættinu þegar úrskurðað var um málið þann 2. júní s.l.

Þá er áréttað í greinargerð tollstjóra að upplýsingar sem veittar séu hjá embættinu í gegnum síma eru aðeins leiðbeinandi fyrir innflytjanda. Tollflokkun símleiðis er algjörlega byggð á þeim upplýsingum sem innflytjandi veitir. Ávallt sé þó reynt að veita innflytjanda réttar upplýsingar með hliðsjón af þeirri lýsingu sem gefin er af fyrirsprjanda. Tollstjóri vekur athygli á að innflytjendur geta ávallt óskað eftir Bindandi álitum um tollflokkun sbr. 142. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Sá kostur á að vera kæranda í máli þessu að góðu kunnur enda um fagaðila á sviðinu að ræða. Þá segir að í kærnu innflytjanda komi fram sú lýsing á umræddri vöru að um sé að ræða stöðurafgeyma sem innihalda sérstakt sýrulaust gel sem geri þeim kleift að geyma spennu um langan tíma. Um sé að ræða réttthyrnda rafgeyma sem innihalda ekki síru.

Því telur innflytjandi að réttast sé að tollflokka hina innfluttu rafgeyma í tollskrárnúmer 8507.2009 *rafgeymar, þar með taldar skiljur þeirra, einnig réttthyrndir (þar með taldar ferningslaga) – aðrir blý-sýrugeymar – án síru.*

Tollstjóri segir innflytjanda ekki hafa lagt fram vörulýsingu frá framleiðanda vörunnar og því hafi embættið nú aflað sér nánari upplýsinga um vöruna af heimasíðu BAE Berliner Batterie GmbH, framleiðanda vörunnar. Í vörulýsingu um *block OPZV* kemur fram að um sé að ræða "lead acid batteries" og að rafvaki (electrolyte) sé "sulphuric acid with a density of 1,24 kg/l, fixed as GEL by fumed silica". Í vörulýsingu um *cell OpzS* kemur fram að um sé að ræða "lead acid batteries" og að rafvaki (electrolyte) sé "sulphuric acid with a density of 1,24 kg/L." Í ljósi framangreindra vörulýsinga telur tollstjóri að ekki sé unnt að fallast á að tollflokka beri umrædda vöru í tollskrárnúmer 8507.2009 þar sem ljóst sé af vörulýsingunni að umrædd vara innihaldi brennisteinssýru í gelformi sem rafvaka.

Embættið telur einnig að ekki hafi verið rétt að tollflokka umrædda vöru í tollskrárnúmer 8507.8091 eins og gert var í úrskurði embættisins um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna framangreindra sendinga, dags. 2. júní s.l. Telur embættið að tollflokka beri umrædda vöru í tollskrárnúmer 8507.2001 *rafgeymar, þar með taldar skiljur þeirra, einnig réttthyrndir (þar með taldar ferningslaga) – aðrir blý sýrugeymar - með síru* - þar sem í framangreindri vörulýsingu kemur fram að um sé að ræða blýsýrugeyma sem innihalda brennisteinssýru í gelformi sem rafvaka með vísan til túlkunarreglna tollskrárinnar númer 1 og 6. Embættið fellst því á að úrskurður embættisins verði felldur úr gildi og að vörusendingar ARN 16 10 1 DE CUX A004, S ARN 27 11 1 DE CUX W007, S HEG 07 11 1 DE CUX A004 og S ARN 04 09 1 DE CUX W005 verði tollflokkaðir í tollskrárnúmer 8507.2001.

Í bréfi kæranda 27.03.2003 sem lagt var fram með kærnu málsins til ríkistollanefndar og málavaxtalýsingu kæranda í kærnunni kemur fram að innflytjandi hefur síðan í mars 2003 notað tollskrárnúmerið 8507-2001 (*rafgeyma, þar með taldar skiljur þeirra, einnig réttthyrndir (þar með taldar ferningslaga) – aðrir blý-sýrugeymar—með síru*) um umrædda vöru þrátt fyrir að innflytjandi haldi því fram í kærnunni að umræddir geymar innihaldi sýrulaust gel.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að samkvæmt aðflutningsskýrslum sendinga S ARN 16 10 1 DE CUX A004 og S ARN 27 11 1 DE CUX W007 séu fóðringar tollflokkaðar í tollskrárnúmer 8483.3000. Í úrskurði embættisins, dags. 2. júní s.l., var umrædd vara tollflokkuð í tollskrárnúmer 8507.9081.

Í sendingu S ARN 27 11 1 DE CUX W007 er línan DEM 1.260,00 tollflokkuð í tollskrárnúmer 8483.3000 sem fóðring. Umrædd sending samanstendur af vörum sem tilgreindar eru á reikningum nr. 90042920, 90042921 og 90042923. Við nánari skoðun embættisins á umræddum reikningum kom í ljós að engar fóðringar eru tilgreindar á reikningunum. Hins vegar er tilgreindur flutnings- og pökkunarkostnaður að fjárhæð DEM 540,00 á reikningi nr. 90042920 og DEM 720,00 á reikningi nr. 90042921. Telur embættið því ljóst að ekki bar að tollflokka umræddan línu á vöruheikningi (kostnað) í tollskrárnúmer 8483.3000 heldur hefði átt að tilgreina umrædda línu, DEM 1.260,00, sem annan kostnað í aðflutningsskýrslu. Einnig er ljóst af reikningi vara í sendingu S ARN 16 10 1 DE CUX A004 (reikningur nr. 90040690) að

engar fódningar eru tilgreindar á reikningnum en á aðflutningsskýrslu er fódning að fjárhæð DEM 1.080,00 tollflokkuð í tollskrárnúmer 8483.3000. Á reikningnum er tilgreindur flutnings- og þökkunarkostnaður að fjárhæð DEM 1.080,00. Embættið telur því einnig ljóst hvað varðar aðflutningsskýrslu sendingar S ARN 16 10 1 DE CUX A004 að ekki ber að tollflokka umrædda línu í tollskrárnúmer 8483.3000 heldur hefði átt að tilgreina umrædda línu, DEM 1.080,00, sem annan kostnað í aðflutningsskýrslu.

Hvað varðar fódningar og tengil í sendingu S ARN 04 09 1 DE CUX W005 og S HEG 07 11 1 DE CUX A003 sem tollflokkað var í tollskrárnúmer 8483.3000 (fódningar) og tollskrárnúmer 3926.9015 (tengill) telur embættið nú að nánar athuguðu máli réttast að samflokka umrædda vöru með rafgeymunum í tollskrárnúmer 8507-2001, með vísan til túlkunarreglna tollskrárinnar númer 1, 2 a) og 6 sbr. einnig athugasemd númer 3 við XVI. flokk tollskrárinnar. Reikningar bera með sér að afhentur var tiltekinn fjöldi rafgeyma sem samanstóðu af mismunandi fjölda eininga og samsvarandi fjölda tengja til að tengja þá saman. Annars vegar var um að ræða tvo rafgeyma úr samtals 120 einingum með jafnmörgum tengjum og fódningum og hins vegar 10 rafgeyma úr samtals 40 einingum með jafnmörgum tengjum. Jafnframt eru tilteknir á reikningum, án verðs, boltar, límmiðar og bæklingar sem svara til fjölda afhentra rafgeyma.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að gjaldmunur á framangreindum tollskrárnúmerum sé á þann veg að á tollskrárnúmerum 8507.3001 og 8483.3000 er 24,5% virðisaukaskattur auk spilliefnagjalds 13 kr/stk. Í úrskurði embættisins, dags. 2. júní s.l., voru rafgeymar og fódningar tollflokkaðar í tollskrárnúmer 8507.8091 en á því tollskrárnúmeri hvílir 24,5% virðisaukaskattur, 15% vörugjald og 10% almennur tollur. Embættið hefur nú fallist á varakröfu innflytjanda um að tollflokka beri rafgeyma í tollskrárnúmer 8507.2001 en á því tollskrárnúmeri hvílir 24,5% virðisaukaskattur, 15% vörugjald og 10% almennur tollur og 19 kr/kg spilliefnagjald. Innflytjandi tollflokkaði fódningar í tollskrárnúmer 8483.3000 (gjöld sbr. hér að ofan) og tengla í tollskrárnúmer 3926-9015 en á því tollskrárnúmeri hvílir 24,5% virðisaukaskattur. Í úrskurði embættisins, dags. 2. júní s.l., voru fódningar tollflokkaðar í tollskrárnúmer 8507.8091 (gjöld sbr. hér að ofan) en tenglar voru tollflokkaðir í tollskrárnúmer 8544.5109 sem ber auk 24,5% virðisaukaskatts einnig 15% vörugjald og 0,15% eftirlitsgjald. Eins og að framan er rakið telur embættið nú réttast að tollflokka framangreindar fódningar og tengla með rafgeymum í tollskrárnúmer 8507.2001 en á því tollskrárnúmeri hvílir 24,5% virðisaukaskattur, 15% vörugjald og 10% almennur tollur og 19 kr/kg spilliefnagjald.

Hvað varðar þau sjónarmið kæranda um brot gegn skýrleika rökstuðnings telur tollstjóri rétt að ítreka það sem áður segir um að þær upplýsingar sem veittar séu hjá embættinu í gegnum síma eru aðeins leiðbeinandi fyrir innflytjanda. Leiðbeinandi tollflokun sem veitt er símleiðis er algjörlega byggð á þeim upplýsingum sem innflytjandi veitir sjálfur. Unnt er að óska eftir bindandi tollflokun sbr. 142. gr. tollalaga nr 55/1987, með síðari breytingum. Hafi embættið veitt innflytjanda leiðbeiningar um tollflokun símleiðis var því ekki um bindandi tollflokun að ræða og hvorki embættið né innflytjandi bundið af þeim leiðbeiningum í máli þessu. Tollstjóri segist hafa sent innflytjanda tvívegis bréf, þann 13. mars 2003 og 26. apríl 2004, þar sem honum var tilkynnt um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Engin andmæli bárust og því taldi embættið að innflytjandi féllist á umræddar athugasemdir. Í úrskurði tollstjóra sem innflytjanda var tilkynnt um með bréfi, dags. 2. júní s.l., var vísað til þeirra lagaákvæða sem endurákvörðun aðflutningsgjalda var byggð á, ásamt því að vísað var til þeirra tollskrárreglna sem að breytt tollflokun var studd við. Tollstjóri telur því að úrskurðurinn hafi verið nægjanlega rökstuddur. Þá segir að í bréfi embættisins um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun komi fram allar röksemdir sem lagðar séu til grundvallar í endanlegum úrskurði embættisins. Innflytjanda sé á þennan hátt gefinn lögbundinn og eðlilegur kostur á að koma að þeim andmælum sem hann telur þörf. Væri í úrskurði um endurákvörðun vísað til frekari rökstuðnings eða nýrra málsástæðna sem innflytjanda hefði ekki verið veittur kostur á að andmæla, hefði ranglega verið staðið að úrlausn málsins, að mati embættisins. Svo var ekki í þessu máli. Tollstjóri telur því rökstuðning kæranda að því lútandi að hinn kærði úrskurður feli ekkert annað í sér en endurtekningu á bréfi embættisins um fyrirhugaða endurákvörðun, dags. 13. mars 2003, marklausan.

Hvað varðar þá athugasemd kæranda að niðurlag úrskurðar embættisins sé ekki dregið saman í sérstakt úrskurðarorð eins og kveðið er á um í 5. tl. 1. mgr. 31. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993 telur tollstjóri slíkt ekki nauðsynlegt í úrskurðum sem lúta að endurákvörðun aðflutningsgjalda. Í 1. mgr. 31. gr. stjórnáskýrslulaga segi að úrskurður æðra stjórnvalds í kærumáli skuli ávallt vera skriflegur og tilgreind eru í 1. - 5. tl. m.a. þau atriði sem koma skulu

fram á stuttan og glöggan hátt. Í 5. tl. greinarinnar segir að aðalniðurstöðu skuli draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð. Ljóst er samkvæmt orðalagi 31. gr. stjórnsýslulaga að ákvæðið á við úrskurði æðra stjórnvalds. Í máli þessu sé um að ræða SMT-tollafgreiðslu og fari endurskoðun slíkra tollafgreiðslna fram eftir á, hjá viðkomandi tollstjóra, sem er lægra sett stjórnvald, sbr. 16. gr. reglugerðar nr 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Við endurskoðun framangreindra sendinga voru gerðar athugasemdir og í kjölfar bréfaskrifta varðandi þær var kveðinn upp úrskurður þann 2. júní s.l. Ekki er því um að ræða úrskurð æðra stjórnvalds og því á framangreint ákvæði stjórnsýslulaga ekki við í máli þessu. Þau efnislegu og formlegu skilyrði sem framfylgja ber í málum af því tagi sem hér um ræðir koma fram í 99. gr. tollalaga og hefur þeim verið framfylgt í máli þessu. Engin skilyrði eru í því ákvæði um formlega uppsetningu úrskurða um endurákvörðun aðflutningsgjalda, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að áður en til endurákvörðunar tollstjóra á aðflutningsgjöldum kemur skuli tollstjóri tilkynna viðkomandi skriflega um að til endurákvörðunar geti komið og lýsa í meginatriðum þeim ástæðum sem hann telur að eigi að leiða til þess. Skal tollstjóri jafnframt gefa viðkomandi kost á að tjá sig um hina fyrirhuguðu endurákvörðun innan hæfilegs frests og, eftir atvikum, framvísa þeim gögnum sem hann telur máli kunna að skipta við þá ákvörðun. Þá segir í 4. mgr. að tollstjóri skuli kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu. Þá er tollstjóra skylt að tilkynna innflytjanda um endurákvörðun með ábyrgðarbréfi og honum jafnframt bent á heimild til að kæra hana til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. Það er mat embættisins að úrskurður þess, dags. 2. júní 2004, hafi verið nægjanlega rökstuddur eins og kveðið er á um í framangreindu ákvæði auk þess sem bent var á kæruleiðir, lögum samkvæmt.

Aðrar kröfur eru ekki gerðar til úrskurða um endurákvörðun, hvorki formlega né efnislega, skv. 99. gr. tollalaga. Þá segir í greinargerð tollstjóra að með gögnum þeim sem framvísað var til embættisins við endurskoðun á SMT-tollafgreiðslu á umræddum sendingum var að finna afrit af reikningi nr. 90042923, dags. 14.11.2001. Samkvæmt því afriti var ekki að finna EUR yfirlýsingu á reikningi. Embættið telur því ljóst að EUR yfirlýsing hafi ekki verið á umræddum reikningi þegar hann var gefinn út og telur embættið að yfirlýsingin hafi verið sett á umræddan reikning eftir að honum var framvísað við tollyfirvöld. Í IV. viðauka við bókun IV. við EES samninginn kemur fram að geta verði staðar og dagsetningar þegar yfirlýsing sé gefin út, nema upplýsingarnar séu tilgreindar á skjalinu. Ljóst sé hins vegar í þessu tilfelli að yfirlýsingin var ekki gefin út um leið og reikningurinn og því telur tollstjóri að ekki sé unnt að líta svo á að EUR yfirlýsing á afriti af reikningi nr. 90042923 sem framvísað var með kæru til ríkistollanefndar sé fullnægjandi. Yfirlýsingin hafi ekki legið fyrir við tollafgreiðslu sendingarinnar og verði því ekki lögð til grundvallar í máli þessu.

Kærandi telur að tilvísun tollstjóra í túlkunarreglur 1 og 6 við tollskrá hafi enga þýðingu í málinu og bendir á að ríkistollanefnd hafi komist að öndverðri niðurstöðu við tollstjóra með vísan til sömu túlkunarreglna. Þannig telur kærandi að túlkunarreglur tollskrár geti eins leitt til niðurstöðu í samræmi við hans sjónarmið. Tollstjóri svarar því til að kærandi nefni ekki í hvaða máli ríkistollanefnd hafi „komist að öndverðri niðurstöðu“, né heldur hvernig túlkunarreglur leiði til niðurstöðu í samræmi við hans sjónarmið. Tollstjóri nefnir til skýringar á þýðingu túlkunarreglnanna við tollflokkan vöru í tollskrá að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, samræmd tollskrá. Alþjóðatollastofnunin (World Customs Organization (WCO)) hafi umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hafi í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes). Samningurinn um samræmdu tollskrána hafi verið undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, hafi tollflokkanreglur samræmdu tollskrárinnar verið teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988, en tollskráin og túlkunarreglur hennar eru birt sem viðauki I við lögin.

Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar, sem birtar eru fremst í henni og eru einnig hluti alþjóðasamningsins, byrja á málsgrein sem hljóðar svo: „Við flokkun vöru í tollskrá skal fylgja eftirfarandi reglum:

“Við flokkun vöru í tollskrá ber því að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkan byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:”.

Þegar kemur að flokkun vöru í undirliði, kemur til kasta 6. túlkunarreglunnar sem hljóðar svo: „Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.”

Af framansögðu megi vera ljóst að túlkunarreglunnar séu hluti af tollalögunum og tollskrá og vörur verði ekki rétt flokkaðar í tollskrá nema þeim sé fylgt. Tilvísun til þeirra sé því grundvöllur efnislegs rökstuðnings fyrir ákveðinni niðurstöðu um tollflokkun vöru.

Hvað varðar þrautavarakröfu kæranda segir tollstjóri að í úrskurði embættisins, dags. 2. júlí s.l., komi fram að umrædd endurákvörðun sé byggð á 1. mgr. og 3. tölulið 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í ákvæðinu segir nánar tiltekið að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði þessarar greinar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Þá segir í 3. tölul. 5. mgr. að tollstjóra sé heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. *Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi vissi eða mátti vita um rétta tollmeðferð vörunnar.* Endurákvörðunin sé ekki grundvölluð á 2. tölulið ákvæðisins þar sem framangreint skilyrði sé lagt til grundvallar og er umræddur rökstuðningur kæranda því marklaus í máli þessu.

Tollstjóri áréttar að þær upplýsingar sem kærandi fékk frá starfsmönnum embættisins grundvölluðust á þeirri lýsingu sem kærandi sjálfur gaf af vörunni símléiðis og því með öllu ómögulegt annað en líta svo á að um væri að ræða leiðbeinandi upplýsingar embættisins, grundvallaðar á munnlegri lýsingu og á engan hátt bindandi. Kæranda hafi verið í sjálfsvald sett að óska eftir Bindandi áliti um tollflokkun á vörunni sem hann gerði ekki og beri hann því hallann af því. Honum sem fagaðila sé fullkunnugt um það úrræði sem tryggir honum hve best rétta tollflokkun við innflutning.

Tollstjóri segir það fyrst og fremst hagsmunamál embættisins að framfylgja rétttri tollflokkun, álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda og embættið geti ekki axlað ábyrgð á fjárhagslegu tapi kæranda vegna rangrar tollflokkunar hans.

Með hliðsjón af öllu framansögðu fellst tollstjóri á varakröfu innflytjanda að tollflokka beri rafgeyma í sendingum S ARN 16 10 1 DE CUX A004, S ARN 27 11 1 DE CUX W007, S HEG 07 11 1 DE CUX A004 og S ARN 04 09 1 DE CUX W005 í tollskrárnúmer 8507.2001 og fer embættið fram á að ríkistollanefnd staðfesti umrædda tollflokkun vörunnar. Tollstjóri fer einnig fram á að þær línur í aðflutningssskýrslum sendinga S ARN 16 10 1 DE CUX A004 og S ARN 27 11 1 DE CUX W007 þar sem tilgreindar eru fóðringar í tollskrárnúmer 8483.3000 verði felldar niður og kæranda gert skylt að tilgreina fjárhæðir línanna í reit 25 á aðflutningssskýrslu sem annan kostnað.

Einnig fer embættið fram á að ríkistollanefnd geri innflytjanda skylt að samtolla fóðringar (tollskrárnúmer 8483-3000) og tengil (tollskrárnúmer 3926-9015) í sendingum S ARN 04 09 1 DE CUX W005 og S HEG 07 11 1 DE CUX A003 með rafgeymunum í tollskrárnúmer 8507-2001 með vísan til túlkunarreglna tollskrárinnar númer 1, 2a) og 6, sbr. einnig athugasemd númer 3 við XVI. flokk tollskrárinnar.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda með bréfi þann 2. september 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 24. s.m. segir m.a. að í fyrrnefndri greinargerð tollstjóra sé fallist á varakröfu sem sett var fram í kærrunni varðandi tollflokkun þeirra vörusendinga sem kæran varðar. Ljóst sé að tollstjóri hafi fallið frá þeirri afstöðu sinni sem var ástæða og tilefni kærunnar. Að teknu tilliti til þessarar breyttu afstöðu embættisins er þess óskað að ríkistollanefnd staðfesti ofangreinda afstöðu tollstjórans í Reykjavík að einu atriði undanskildu. Það er varðandi EUR-yfirlýsingu á reikningi nr. 90042923. Um er að ræða reikning að fjárhæð DEM 14.120,00, útgefinn 14. nóvember 2001. Í greinargerð tollstjóra kemur fram að af þeim gögnum, sem framvísað var af hálfu innflytjanda við endurskoðun SMT-tollafgreiðslu, megi ráða, að EUR-yfirlýsing hafi ekki verið á reikningum þegar hann hafi verið gefinn út, enda hafi yfirlýsingin ekki verið á því afriti sem tollstjóri hafi mótttekið. Af þessu leiði að fyrrnefnd EUR-yfirlýsing verði ekki lögð til grundvallar í málinu.

Kærandi segir að innflytjandi vörunnar hafi talið að fyrrnefnd EUR-yfirlýsing hafi verið á ofangreindum reikningi frá útgáfudegi hans og að tollstjórinn í Reykjavík hafi fengið afrit af stimpluðu eintaki reikningsins. Það sé svo ekki fyrr en innflytjandi hafi mótttekið greinargerð tollstjóra að hann hafi áttað sig á að fyrir mistök hafi tollstjóra ekki verið afhentur stimplaður reikningur. Við athugun hans hafi komið í ljós að það hafi verið mistök hjá framleiðanda

varanna að senda óstimplaðan reikning en þegar þeir hafi uppgötvað mistökin hafi þeir sent reikning sem innihélt EUR-yfirlýsinguna. Þetta var ástæða þess að tvö mismunandi afrit af reikningum voru notuð í málinu.

Með vísan til framangreinds er farið fram á að ríkistollanefnd taki mið af framangreindri EUR-yfirlýsingu í úrskurði sínum

Þá segir í svari kæranda að líta verði til þess að mál þetta hefur verið í meðförum ríkistollanefndar. Vegna notkunar nefndarinnar á málsmeðferðarreglum stjórnáskýringarlaga nr. 37/1993, nánar tiltekið rannsóknarreglu 10. gr. og andmælaréttarreglu 13. gr. laganna, hafi komið í ljós að misbrestur hafi orðið á því að tollstjóra hafi við innflutning verið afhentur reikningur með ástimplaðri EUR-yfirlýsingu. Um leið og uppgötvaðist að EUR-yfirlýsinguna vantaði á reikninginn hafi innflytjandi fengið leiðréttingu á honum, en hann sendi hins vegar hið leiðréttu eintak ekki til tollstjóra, enda gerði hann sér ekki grein fyrir því að tollstjóri hafi fengið óstimplaðan reikning. Það sé ekki fyrr en innflytjandi gerði athugasemdir við stjórnáskýringarframtöl tollstjóra, og málið hafi verið tekið til meðferðar hjá ríkistollanefnd, sem þau mistök hafi komið í ljós. Í því sambandi sé mikilvægt að líta til þess að mistökin uppgötvuðust áður en endanlegri meðferð ríkistollanefndar í málinu lauk. Af því leiðir að taka ber tillit til þessara nýju upplýsinga við meðferð málsins og leggja þær til grundvallar þannig að efnislega rétt niðurstaða fái, þ.e. að vörurnar, sem reikningurinn varðar, verði tollafgreiddar að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að framleiðandi þeirra er þýskt fyrirtæki. Það hafi eðli máls samkvæmt grundvallarþýðingu í málinu þegar endanleg ákvörðun verður tekin af hálfu ríkistollanefndar um tollafgreiðslu vörunnar. Með vísan til framangreinds er afstöðu tollstjóra hafnað um að ekki sé hægt að byggja á EUR-yfirlýsingunni þar sem hún hafi ekki verið til staðar við hina upphaflegu tollafgreiðslu.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir málgögn og kynnt sér málavexti m.a. skoðað vöruna í vörslu innflytjanda. Ágreiningur í máli þessu snerist upphaflega um endurákvörðun aðflutningsgjalda, af sendingum S ARN 16 10 1 DE CUX A004, S ARN 27 11 1 DE CUX W007, S HEG 07 11 1 DE CUX A004 og S ARN 04 09 1 DE CUX W005, sem komu til landsins á tímabilinu 4. september 2001 til 27. nóvember 2001 og innihéldu rafgeyma og fylgihluti frá fyrirtækinu BAE Batteriefabrik GmbH. Innflytjandi flokkaði vöruna á aðflutningsskýrslu í tnr. 8507.3001 og fóðringar í tnr. 8483.3000. Í hinum kærða úrskurði krefst tollstjóri þess að varan verði flokkuð í tnr.8507.8091. Kröfur kæranda eru aðallega að endurákvörðunin verði felld úr gildi og varan tollflokkuð í 8507.2009 (rafhlaða) og 8483.3000 (fóðringar), til vara er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ofangreindar vörusendingar verði tollflokkaðar í 8507-2001 (rafhlaða) og 8483-3000 (fóðringar) og til brautavara er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og ofangreindar vörusendingar verði tollflokkaðar í 8507.3001 (rafhlaða) og 8483-3000 (fóðringar).

Í greinargerð tollstjórans í Reykjavík fellst embættið á varakröfu innflytjanda að tollflokka beri rafgeyma í sendingum S ARN 16 10 1 DE CUX A004, S ARN 27 11 1 DE CUX W007, S HEG 07 11 1 DE CUX A004 og S ARN 04 09 1 DE CUX W005 í tollskrárnúmer 8507.2001 og fer embættið fram á að ríkistollanefnd staðfesti umrædda tollflokkun vörunnar. Jafnframt fer tollstjóri fram á að þær línur í aðflutningsskýrslum sendinga S ARN 16 10 1 DE CUX A004 og S ARN 27 11 1 DE CUX W007 sem tilgreindar eru sem fóðringar í tollskrárnúmer 8483.3000 verði felldar niður og kæranda gert skylt að tilgreina fjárhæðir línanna í reit 25 á aðflutningsskýrslu sem annan kostnað. Þá fer embættið fram á að ríkistollanefnd geri innflytjanda skylt að samtolla fóðringar (tollskrárnúmer 8483-3000) og tengil (tollskrárnúmer 3926-9015) í sendingum S ARN 04 09 1 DE CUX W005 og S HEG 07 11 1 DE CUX A003 með rafgeymunum í tollskrárnúmer 8507-2001 með vísan til túlkunarreglna tollskrár númer 1, 2a) og 6 sbr. einnig athugasemd númer 3 við XVI. flokk tollskrárinnar. Þá telur tollstjóri að EUR yfirlýsing á afriti reiknings nr. 90042923, dags. 14.11.2001, sem framvísað var með kæru til ríkistollanefndar hafi ekki legið fyrir við tollafgreiðslu sendingarinnar og verði því ekki lögð til grundvallar í máli þessu.

Í athugasemd kæranda við greinargerð tollstjóra, dags. 31.08.2004, óskar kærandi eftir því að ríkistollanefnd staðfesti breytta afstöðu tollstjóra að einu atriði undanskildu, nánar tilgreint því að upprunavottorð teljist gilt á reikningi 90042923.

Varan sem deilt er um tollflokkun á eru rafgeymar og fylgihlutir frá fyrirtækinu BAE Batteriefabrik GmbH. Varan er samkvæmt reikningum af gerðunum: Block 12V OPzV og Cell 7 OPzS, 12V 2 OpzV 100 og 12V 3 OpzV 150 og eru samkvæmt upplýsingum framleiðanda viðhaldsfrír blý-sýrugeymar ætlaðir fyrir notkun í fjarskiptabúnaði, örbylgju-útvarpsstöðvum neyðarlýsingu og fleira. Hönnun þeirra er þannig að jákvætt skaut (e: positive electrode) er með holar plötur með ofnu polyester og blýblöndu (PbCaSn). Neikvætt skaut er hins vegar úr melmi með litlum styrk af Sb (low antimony alloy). Leiðandi sýra (e: electrolyte) er brennisteinssýra (sulphuric acid) sem er hleypt í gel með silica (fumed). Geymarnir hafa því ekki þunnfljótandi hefðbundna geymasýru heldur hlaup (e: gel) sem er búið til úr brennisteinssýru sem er hleypt í þykkt hlaup. Hver eining geymanna er samkvæmt upplýsingum framleiðanda 1,67V/cell til 1,8V/cell. Ytra byrði geymanna er úr SAN (Styrol-Acryl-Nitril). Geymarnir hafa rakavörn samkvæmt IP 25 staðli. OpzS 490 er samkvæmt upplýsingum framleiðanda endingargóðir blý-sýru geymar. Þeir eru hentugir til að mynda við fjarskiptabúnað, neyðarlýsingu, örbylgjuútvarps-kerfi/senda, raforkukerfi og sólarrafhlöður. Hönnun þeirra er þannig að jákvætt skaut (e: positive electrode) er með holar plötur með ofnu polyester og blýblöndu (PbSb1.6SnSe melmi). Neikvætt skaut er hins vegar úr melmi með litlum styrk af Sb (low antimony alloy). Leiðandi sýra (e: electrolyte) er brennisteinssýra (sulphuric acid). Hver eining geymanna er samkvæmt upplýsingum framleiðanda 1,67V/cell til 1,8V/cell. Ytra byrði geymanna er úr SAN (Styrol-Acryl-Nitril). Geymarnir hafa rakavörn samkvæmt IP 25 staðli.

Af framansögðu má sjá að varan er blý-sýru rafgeymar sem byggja virkni sína á blý-sýru og er best lýst í tollnúmeri: --- Aðrir blý-sýrugeymar: 8507.2001 --- --- Með sýru.

Með hliðsjón af ofanrituðu fallast nefndarmenn á varakröfu kæranda hvað varðar tollflokkun rafgeymanna og hið breytta álit tollstjórans í Reykjavík um að flokka beri vöru þessa, þ.e. rafgeyma, tengi og fódringar þeim ætlaða í tnr. 8507.2001.

Hvað varðar þá kröfu kæranda að tekið verði tillit til EUR-yfirlýsingar á reikningi nr. 90042923 að fjárhæð DEM 14.120,00 þá er það óumdeilt að reikningur nr. 90042923 var óstimplaður þegar honum var framvísað við tollyfirvöld. Kærandi heldur því fram að fullgild yfirlýsing hafi verið til staðar þegar tollstjóri kallaði eftir skjölum varðandi innflutninginn en vegna mistaka hafi tollstjóri verið sent óstimplað eintak af reikningi 90042923. Með bréfi, dags. 26. apríl s.l., tilkynnti tollstjóri innflytjanda að fyrirhuguð væri endurákvörðun vegna þeirra fjögurra sendinga sem hér eru til umfjöllunar. Þar var tekið fram að EUR yfirlýsingu vantaði á reikning 90042923 og því bæri varan 10% toll auk virðisaukaskatts. Á þessu stigi málsins hafði innflytjandi ekki neina tilburði í þá átt að skila til tollstjóra hinum EUR-stimplaða reikningi sem hann síðan framvísaði með kærðu sinni til ríkistollanefndar. Því líta nefndarmenn svo á að hið stimplaða eintak reikningsins hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir að tollstjóri endurákvæðaði innflytjanda gjöld af sendingunni.

Þá geta nefndarmenn ekki fallist á það sjónarmið kæranda að í reynd sé tollmeðferð varanna ekki lokið þar sem málið sætir kærumeðferð hjá ríkistollanefnd og því geti hann komið að skjölum sem áhrif hafa á tollafgreiðslu þeirra. Ríkistollanefnd lítur þannig á að við tollmeðferð reiknings nr. 90042923 átti fullgild EUR-yfirlýsing að liggja fyrir og fylgja þeim skjölum sem tollstjóri kallaði eftir. Með vísan til þessa álits ríkistollanefndar er EUR meðferð á vörum sem tilgreindar eru á reikningi nr. 90042923 hafnað. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að vörur sem fluttar voru inn í sendingum nr. S ARN 16 10 1 DE CUX A004, S ARN 27 11 1 DE CUX W007, S HEG 07 11 1 DE CUX A004 og S ARN 04 09 1 DE CUX W005 skuli tollflokkast í tnr. 8507.2001. Þá staðfestir ríkistollanefnd að vörur á reikningi nr. 90042923 skuli bera 10% toll.